

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hellu

Garðabær, 2. júní 2025
202505-0094/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 - Gaddstaðaeyja Rangárþing ytra.

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Rangárþings ytra, dags. 19. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar um breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 vegna nýs verslunar- og þjónustusvæðis í Gaddstaðaey. Fyrirhuguð er bygging allt að 160 herbergja hótels með afþreyingu og allt að 40 gestahúsa. Aðkoma verður um nýja brú yfir Ytri-Rangá og nýjan veg frá Gaddstaðavegi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum.¹

Samantekt

Náttúruverndarstofnun telur að fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting fyrir Gaddstaðaey feli í sér röskun vistkerfa og náttúrulegs landslags. Innan skipulagssvæðisins eru vistgerðir með hátt verndargildi, þ. á m. víðikjarr og votlendisgraslendi, sem geta fallið undir vernd Bernarsamningsins. Þá er svæðið hluti af mikilvægu fuglasvæði (VOT-S-3) þar sem varp og fæðunám ábyrgðartegunda á borð við lóupræl og spóa fer fram. Rannsóknir sýna að stofnstærð þessara tegunda hefur dregist verulega saman á undanförunum áratugum.

Eyjan er í Ytri-Rangá og þar er náttúrulegur bakkagróður sem nýtur verndar samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga. Uppbygging með tilheyrandi mannvirkjum og nýrri brú getur haft áhrif á eðli ársvæðisins, rennslismynstur og ásýnd. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum framkvæmda á þessi náttúruverðmæti. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig fráveita verður hönnuð með tilliti til mengunarvarna, né mat á áhrifum hennar á vatn og votlendi. Ásýnd svæðisins mun einnig breytast til muna og ber samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga að meta sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og móta skilyrði um útlit og aðlögun mannvirkja að landslagi.

Stofnunin leggur áherslu á að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar og útfærð á tillögustigi:

- **Framkvæma vistgerðagreiningu** og staðfesta útbreiðslu og verndargildi vistgerða innan svæðisins.
- **Meta áhrif á fuglalíf**, með áherslu á ábyrgðartegundir og fuglaverndarsvæðið VOT-S-3.
- **Kanna ástand og mikilvægi bakkagróðurs** og meta áhrif brúargerðar og mannvirkja í samræmi við 62. gr. náttúruverndarlaga.
- **Meta áhrif fráveitu og tryggja mengunarvarnir** í samræmi við lög og reglugerðir um hollustuhætti og vatnsvernd.

¹ <https://skipulagsgatt.is/files/0e968a72-6bf5-411d-9fd1-61813b52134f>

- **Meta sjónræn áhrif og ásýnd** og tryggja að mannvirki falli að landslagi í samræmi við 69. gr. náttúruverndarlaga.
- **Leggja fram raunhæfar valkostagreiningar**, þar sem aðrar leiðir til framkvæmda eru skoðaðar með minni áhrifum.
- **Gera grein fyrir samræmi við náttúruverndarmarkmið sveitarfélagsins**, eins og þau birtast í gildandi aðalskipulagi Rangárbings ytra, og jafnframt hvernig sveitarfélagið hyggst bregðast við þeirri staðfestu hættu sem steðjar að mófuglum á svæðinu (VOT-S-3), í ljósi rannsókna um fækkun varpfugla og rýrnun búsvæða á Suðurlandi. (sbr. gr. 4.2.6. skipulagsreglugerðar og náttúruvernarlög)
- **Skilgreina mótvægisáðgerðir**, sérstaklega fyrir votlendi, bakkagróður og fuglalíf.
- **Umfjöllun um aðgengi**

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að Gaddstaðaei sé algróin og samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins m.a. blómgresisvist, víðikjarrvist, língresisvist og vingulsvist. Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að þessar vistgerðir geta haft verndargildi samkvæmt valista vistgerða og geta fallið undir vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt í Bernarsamningnum, sem Ísland er aðili að.

- Bernarsamningurinn þarf því að vera umhverfisviðmið í umhverfismatsskýrslu.

Gaddstaðaei liggur jafnframt innan mikilvægs fuglasvæðis (VOT-S-3) og ekki er ólíklegt að á eyjunni séu varpstöðvar eða fæðusvæði fuglategunda á borð við lóupræl (*Calidris alpina*) og spóa (*Numenius phaeopus*). Báðar tegundir eru ábyrgðartegundir Íslands, þar sem verulegur hluti alþjóðlegs varpstofns þeirra verpir hér á landi, en þær nýta mólendi og bakka vatnsfalla til varps og fæðunáms. Á nýjum valista Náttúrufræðistofnunar (óútgefinn) færast báðar tegundirnar niður um tvo flokka frá síðasta valista, sem kom út árið 2018, og flokkast nú sem tegundir í nokkurri hættu.

Samkvæmt rannsóknum Náttúrufræðistofnunar og Háskóla Íslands hefur stofnstærð helstu mófuglategunda á Suðurlandi farið minnkandi á undanförunum áratugum². Vöktun bendir til marktækrar fækkunar í fjölmörgum tegundum sem nýta láglendis- og votlendissvæði, sérstaklega vegna röskunar búsvæða, landbúnaðar, aukinnar beitar, framræslu og áhrifa frá umferð og mannvirkjagerð. Áhrifin koma fram bæði í skertu varpi og minnkandi fæðuframboði.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að framkvæmdaaðilar leggi fram vistgerðagreiningu og úttekt á fuglalífi áður en frekara skipulag er samþykkt. Sérstaklega skal meta áhrif framkvæmda á ábyrgðartegundir og mófugla og gera grein fyrir hvernig fyrirhuguð uppbygging samræmist markmiðum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið í Gaddstaðaei liggur innan vatnasvæðis Ytri-Rangár, sem er lindá með stöðugu rennsli og miklu náttúrulegu gildi³. Í greinargerð kemur fram að eyjan sé algróin og að þar finnist vistgerðir eins og víðikjarr og língresisvist, sem oft tengjast röku jaðarsvæði og árbökkum.

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudurland/ytri-ranga>

Samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga ber að gæta þess að framkvæmdir raski ekki náttúrulegum bakkagróðri og umhverfi hans um of. Náttúruverndarstofnun telur að sérstök áhersla þurfi að vera á að vernda bakkagróður við gerð brúar og vegtengingar yfir Ytri-Rangá. Mikilvægt er að mat fari fram á ástandi gróðursins og áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda, og að gerðar verði mótvægisáðgerðir ef rask er óhjákvæmilegt. Þá skal tryggt að ekki sé vegið að virkni bakkanna né náttúrulegu yfirbragði ársvæðisins.

Ásýnd og landslag

Náttúruverndarstofnun bendir á að Gaddstaðaey er gróin og staðsett í að mestu óröskuðu landslagi. Í greinargerð kemur fram að lögð verði áhersla á að byggingar falli að landslagi og menningarlandslagi. Samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga skal við uppbyggingu gæta sjónrænna áhrifa og ásýndar svæðis, sérstaklega þegar um er að ræða svæði með verndargildi, upplifunargildi eða ósnortið yfirbragð.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er það alger forsenda samþykktar skipulagsins að útlit bygginga, staðsetning, efnisval og hæðarsetning sé háð sértækum skilyrðum sem tryggja að eðli eyjarinnar og náttúrugildi raskist ekki.

Valkostir

Í greinargerð er fjallað um „núll-kost“ og boðað að fleiri valkostir verði skoðaðir. Að mati Náttúruverndarstofnunar er það grundvallarforsenda í umhverfismati að fram fari vönduð valkostagreining þar sem metið er hvort og hvernig uppbygging hótels, baðlóns og tengdra mannvirkja gæti verið í annarri mynd, með minna raski og áhrifum á náttúru og ásýnd. Slíkar greiningar þurfa að ná til valkosta þar sem umfang framkvæmda er minnkað, byggingar færðar eða nýttar aðrar lausnir, t.d. að staðsetja hluta starfseminnar utan eyjarinnar.

Aðgengi

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram ánni svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur